

Mál nr. 16/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 18. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. febrúar 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 11. febrúar 2022.
4. Bréf V dags. 14. febrúar 2022.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar á Miklubraut þegar bifreið X var ekið aftan á bifreið M þann 8. janúar 2021. Í tjónstilkynningu vegna árekstursins er haft eftir báðum ökömönnum að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum. Þann 3. september 2021 tilkynnti M um líkamstjón til V og kemur þar fram að hún hafi leitað á til læknis 8. febrúar 2021 og hafi verki í hálsi og herðum sem leiða niður í bak. Í gögnum málsins er fjallað um þessa heimsókn sem og liggja fyrir almennar lýsingar á fyrra heilsufari M. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla frá Aðstoð og Öryggi um PC-Crash útreikninga.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum 8. janúar 2021 og hefur kafið V um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess. Telur M með vísan til gagna málsins, einkum skýrslu sjúkrapjálfa og afriti af sjúkraskrá vegna fyrstu komu eftir slysið, að líkur hafi verið leiddar að því að áverka M megi rekja til árekstursins þann 8. janúar 2021. Varhugavert sé að byggja höfnun eingöngu á niðurstöðu PC-Crash útreiknings sem aflað er einhliða af V. Ekki sé fallist á að útreikningur á þyngdarkröftum sem verkuðu á bíl M við áreksturinn sé einhlítt sönnunargagn um að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni, sbr. mál úrskurðarnefndar nr. 358/2016. Ekki verði litið fram hjá því að V aflaði útreikningsins einhliða og því ljóst að mat t.d. dómkvadds matsmanns liggur ekki fyrir um mat á hraða og þyngdarkröftum við slysið. Skýrslan hafi því takmarkað sönnunargildi við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum áreksturs.

V hefur hafnað greiðsluskyldu vegna málsins og telur að ekki sé sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við árekstur hinn 8. janúar 2021. V vísar til þess að M sé með margra ára sögu um dreifða verki, svefntruflanir, heilapöku, mikla almenna þreytu og fleiri einkenni. Telur V að mánuður sé of langur tími þegar um svo almenn einkenni sem verk í hálsi og höfði er að ræða svo unnt sé að telja orsakatengsl milli árekstursins og einkennanna. Sérstaklega þegar málskotsaðili hefur sögu um margra ára almenna vanheilsu. Það sé því ósannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og líkamlegra einkenna M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 8. janúar 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að afar lítið tjón hafi orðið á bifreiðunum við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði ekki til læknis fyrr en mánuði eftir áreksturinn og var þá með aukna verki í hálsi og höfði. M leitaði næst til læknis 12. apríl 2021 og svo 2. júní 2021 vegna sjúkradagpeningavottorða og var talin óvinnufær með öllu frá 26. apríl 2021 vegna margra ára sögu um dreifða verki, svefntruflanir, heilapöku, mikla almenna þreytu og fleiri einkenni. Ekki var sérstaklega fjallað um einkenni eftir áreksturinn. Fyrirliggjandi er einnig skýrsla sjúkrapjálfa þar sem greint er frá því að M hafi komið í samtals 23 meðferðir á tímabilinu frá 16. febrúar 2021 til 3. september 2021 og er það ályktun sjúkrapjálfaans að slysið hafi aukið á einkenni og ný einkenni komið fram, bæði andleg og

líkamleg. Virðist ályktun sjúkraþjálfarans eingöngu byggja á lýsingum M sjálfrar en ekki samanburðarrannsóknnum á einkennum fyrir og eftir áreksturinn. Liggja því ekki fyrir myndgreiningar eða önnur slík gögn, né mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag. Af ofangreindu verður þannig ekki talið sannað að bótaréttur sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir